



Dags.: 11.02.2019/gej.

**Varðar: Sjómannaskólareitur – fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks.**

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks þar sem óskað er eftir skýringum vegna þess ósamræmis sem birtist í kynningu Vaxtarhúsa annars vegar og auglýsingu borgarinnar frá 1. júní 2018 hins vegar. Samkvæmt tillögu Vaxtarhúsa lenda aðeins sjö byggingar af 18 innan þess landsvæðis sem skilgreint var sem framkvæmdasvæði. Í auglýsingu Reykjavíkurborgar frá 1. júní sl. eru níu byggingar sem lenda inni í Saltfiskmóanum, þar af fjórar byggingar í stakkstæðinu frá 1920 (en aðeins örfáir mánuðir eru þar til það telst til fornminja samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og nyti þar með friðunar), og tvö hús vestast inni á lóð Háteigskirkju. Einnig er lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2019.

Svar:

Í kynningargögnum og forsendum fyrir hugmyndasamkeppni um hagkvæmt húsnæði sem unnin var í aðdragandi samkeppninnar var afmörkun reits Sjómannaskólans og uppbyggingarsvæðum innan hans, ekki skilgreind nákvæmlega enda um hugmyndasamkeppni að ræða. Vaxtarhús unnu þannig sínar tillögur út frá þeim forsendum um mögulega uppbyggingarreiti og að þeir væru ekki endilega bundnir af ákveðinni staðsetningu innan reitsins.

Vaxtarhús gerði síðar breytingu á sinni tillögunni í þá veru að færa hagkvæmt húsnæði yfir á þann reit sem þeim var ætlaður skv. drögum að deiliskipulagi reitsins þegar það lá fyrir að þeir kæmust áfram í samkeppninni.

Stakkstæðið hefur verið afmarkað af Borgarsögusafni og 15 metra helgunarreitur umhverfis það eins og lög um menningarminjar nr. 80/2012 gera ráð fyrir. Nákvæm afmörkun var ekki ljós fyrr en eftir að tillögu Vaxtarhúsa hafði verið skilað inn. Í frekari vinnu og undirbúningi að deiliskipulagi svæðisins sem nú stendur yfir er gert ráð fyrir að öll mannvirki verði utan helgunarsvæðis stakkstæðisins og því tekið fullt tillit til þess.

f.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík  
Guðlaug Erna Jónsdóttir arkitekt /verkefnisstjóri.